

157. löggjafarþing 2025–2026.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnartillaga.

Tillaga til þingsályktunar

um forvarnaáætlun gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi meðal barna og ungmenna, fyrir árin 2026-2030.

Frá dómsmálaráðherra.

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra, mennta- og barnamálaráðherra, heilbrigðisráðherra, innviðaráðherra, atvinnuvegaráðherra og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra að koma á og viðhalda skipulögðum forvörnum meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni samkvæmt forvarnaáætlun þessari. Sérstök áhersla verði lögð á áskoranir og hættur sem stafrænt umhverfi og veruleiki barna og ungmenna skapa og hvernig megi koma í veg fyrir og bregðast við stafrænu ofbeldi, auk þess að forvarnir verði áfram samþættar kennslu og skólastarfi á öllum skólastigum, í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum, íþrótt- og æskulýðsstarfi og öðru tómstundastarfi. Til þess að draga úr kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni og lágmarka skaðann af slíkri háttsemi skuli unnið í samræmi við eftirfarandi fimm yfirkafla sem greinast í 23 aðgerðir:

- *Almennar aðgerðir*
- *Stafrænt kynferðislegt- og kynbundið ofbeldi og áreitni*
- *Fræðsla*
- *Leiðbeiningar, verkferlar og gátlistar*
- *Eftirfylgni og mat á árangri*

Almennar aðgerðir

1. Framkvæmdasjóður

Varið verði 12 millj. kr. árlega, samtals 48 milljónum af fjárlögum, til verkefna á vegum ráðuneyta á tímabilinu 2026-2030. Dómsmálaráðuneytið auglýsi eftir umsóknum frá ráðuneytum og úthluti styrkjum að undangengnu faglegu mati ráðuneytisins. Reglur sjóðsins og umsóknareyðublöð verði kynnt fulltrúum ráðuneyta í kjölfar gildistöku áætlunarinnar.

- *Markmið:* Innleiða og hrinda í framkvæmd aðgerðum í áætlun þessari.
- *Mælikvarði:* Fyrir lok gildistíma áætlunarinnar hafi verið úthlutað 48 millj. kr. til verkefna innan áætlunarinnar.
- *Kostnaðaráætlun:* 48 millj. kr.
- *Ábyrgðaraðili:* Dómsmálaráðuneyti.
- *Tímarammi:* 2026-2030.

2. Heildstætt mat á kostnaði vegna kynferðislegs ofbeldis gegn börnum og ungmennum

Unnið verði heildstætt mat á beinum og óbeinum samfélagslegum, hagrænum og efnahagslegum kostnaði vegna kynferðislegs ofbeldis gegn börnum og ungmennum á Íslandi. Lagt verði mat á heildarkostnað vegna áhrifa á heilbrigðiskerfi, félagsþjónustu og menntakerfi, auk kostnaðar vegna áhrifa á lífsgæði, atvinnuþátttöku og framleiðni í samfélaginu. Niðurstöður nýtist við stefnumótun, forgangsroðun verkefna, úrræða og eflingu forvarna.

- *Markmið:* Draga fram skýra mynd af raunkostnaði samfélagsins vegna kynferðislegs ofbeldis gegn börnum og ungmennum á Íslandi.
- *Mælikvarði:* Skýrsla með niðurstöðum úr mati á samfélagslegum, hagrænum og efnahagslegum kostnaði kynferðislegs ofbeldis gegn börnum og ungmennum liggja fyrir eigi síðar en í lok árs 2029.
- *Kostnaðaráætlun:* 5 millj. kr.
- *Ábyrgðaraðili:* Dómsmálaráðuneyti.
- *Dæmi um samstarfsaðila:* Mennta- og barnamálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti.
- *Tímarammi:* 2026-2029.

3. Efling forvarnateymagrunnskóla

Forvarnateymi grunnskóla verði eflað, hlutverk þeirra endurskoðað og skýrt. Tryggt verði að teymin fái skýrt umboð og ábyrgðarsvið ásamt því að fulltrúum í teymunum standi til boða reglubundin þjálfun og endurmenntun í samstarfi við skólaskrifstofur og Samband íslenskra sveitarfélaga.

- *Markmið:* Efla og skýra hlutverk forvarnateyma til að tryggja samræmd og markviss viðbrögð.
- *Mælikvarði:* Að minnsta kosti 90% grunnskóla hafi á að skipa virku forvarnateymi með skýrt skilgreint hlutverk og ábyrgðarsvið. Endurmenntun fari fram árlega fyrir hvert teymi á tímabilinu 2026–2030.
- *Kostnaðaráætlun:* Innan fjárheimilda.
- *Ábyrgðaraðili:* Innviðaráðuneyti í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.
- *Dæmi um aðra samstarfsaðila:* Mennta- og barnamálaráðuneyti.
- *Tímarammi:* 2026–2030.

4. Miðlun þekkingar, skipulag fræðslu og forvarna í skólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum

Stutt verði við skólaskrifstofur sveitarfélaganna við miðlun þekkingar og skipulag fræðslu og forvarna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, þ. á m. stafrænu ofbeldi og áreitni, til að tryggja innleiðingu skipulagðra forvarna í skólum á öllum skólastigum, í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum.

- *Markmið:* Forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni meðal barna og ungmenna á öllum skólastigum og frístundastarfi séu tryggðar.
- *Mælikvarði:* 90% sveitarfélaga fylgi samþykktari fræðslu- og forvarnaáætlun innan leik- og grunnskóla, félagsmiðstöðva og frístundaheimila fyrir lok árs 2028.
- *Kostnaðaráætlun:* Innan fjárheimilda.
- *Ábyrgðaraðili:* Innviðaráðuneyti í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga.
- *Dæmi um aðra samstarfsaðila:* Miðstöð menntunar og skólaþjónustu
- *Tímarammi:* 2026–2030.

5. Þjónusta og stuðningur við börn og ungmenni í tómstundastarfi

Kannað verði hvort þjónusta samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs skuli ná yfir fleiri tegundir tómstunda svo að tryggja megi að öll börn og ungmenni geti leitað aðstoðar og stuðnings ef þau verða fyrir kynbundnu- eða kynferðislegu ofbeldi í tómstundastarfi. Starfshópur fari yfir löggjöf og kanni hvernig best megi tryggja að öll börn hafi aðgang að þjónustu samskiptaráðgjafa eða sambærilegri þjónustu.

- *Markmið:* Öll börn í tómstundastarfi utan skóla hafi aðgang að sambærilegri þjónustu og samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs býður upp á.
- *Mælikvarði:* Starfshópur skili ráðherra skýrslu fyrir lok árs 2028.
- *Kostnaðaráætlun:* Innan fjárheimilda.
- *Ábyrgðaraðili:* Mennta- og barnamálaráðuneyti.
- *Dæmi um samstarfsaðila:* Dómsmálaráðuneyti, menningar- nýsköpunar- og háskólaráðuneyti, samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs.
- *Tímarammi:* 2026–2028.

6. Netnámskeið fyrir starfsfólk með börnum og ungmennum verði textað

Gagnvirk netnámskeið Barna- og fjölskyldustofu fyrir fólk sem starfar með börnum og ungmennum með grunnfræðslu um eðli og afleiðingar kynferðislegs og kynbundins ofbeldis verði textuð fyrir þá sem ekki hafa íslensku að móðurmáli eða búa við skerta heyrn.

- *Markmið:* Að tryggja aðgengi allra óháð tungumáli.
- *Mælikvarði:* Textun námskeiða verði lokið á fyrsta ársfjórðungi 2027.
- *Kostnaðaráætlun:* 5 millj. kr.
- *Ábyrgðaraðili:* Mennta- og barnamálaráðuneyti.
- *Dæmi um samstarfsaðila:* Barna- og fjölskyldustofa.
- *Tímarammi:* 2026–2027.

7. Netnámskeið fyrir starfsfólk sem vinnur með börnum undir tveggja ára aldri

Þróað verði fræðsluefni með grunnfræðslu um eðli og afleiðingar kynferðislegs og kynbundins ofbeldis gagnvart börnum undir tveggja ára aldri. Efnið byggir á gagnreyndri þekkingu um þroska barna og aðferðum til að bregðast við þegar grunur vaknar um kynferðisofbeldi gegn ungum börnum. Efnið verði hluti af netnámskeiðum Barna- og fjölskyldustofu fyrir starfsfólk sem vinnur með börnum og ungmennum.

- *Markmið:* Efla þekkingu og hæfni starfsfólks sem vinnur með börnum yngri en tveggja ára, til að þekkja merki um ofbeldi og bregðast við á faglegan hátt.
- *Mælikvarði:* Námskeiðið verði aðgengilegt á fyrsta ársfjórðungi 2027 sem viðbót við núverandi netnámskeið Barna- og fjölskyldustofu.
- *Kostnaðaráætlun:* 5 millj. kr.
- *Ábyrgðaraðili:* Mennta- og barnamálaráðuneyti.
- *Dæmi um samstarfsaðila:* Barna- og fjölskyldustofa.
- *Tímarammi:* 2026-2027.

8. Miðlægur gagnagrunnur um þátttöku starfsfólks í netnámskeiðum

Komið verði upp miðlægum gagnagrunni sem skráir þátttöku starfsfólks á netnámskeiðum Barna- og fjölskyldustofu fyrir starfsfólk sem vinnur með börnum og ungmennum til að greina megi hlutfall starfsfólks sem lokið hefur námskeiðum eftir því hvar það starfar.

- *Markmið:* Tryggja marktæka skráningu.
- *Mælikvarði:* Miðlægur gagnagrunnur verði virkur á fyrsta ársfjórðungi 2027.
- *Kostnaðaráætlun:* 5 millj. kr.
- *Ábyrgðaraðili:* Mennta- og barnamálaráðuneyti.
- *Dæmi um samstarfsaðila:* Barna- og fjölskyldustofa.
- *Tímarammi:* 2026-2027.

Stafrænt kynferðislegt- og kynbundið ofbeldi og áreitni.

9. Aukið stafrænt öryggi barna og ungmenna

Settar verði samræmdar og skýrar reglur til að tryggja öryggi barna í stafrænu umhverfi. Stuðlað verði að markvissu samstarfi við stafræna þjónustuveitendur um að draga úr aðgengi og útsetningu barna og ungmenna fyrir klámi, stafrænu kynferðisofbeldi og öðru skaðlegu kynferðislegu efni í stafrænu umhverfi. Lögð verði áhersla á ábyrgð þjónustuveitenda á því hvernig efni verði sett fram, mælt með og dreift til barna og ungmenna. Jafnframt verði lögð áhersla á að veitendur stafrænnar þjónustu sem börn nota taki mið af aldri og þroska barna í hönnun, virkni og efnisdreifingu. Þá forðist ábyrgðaraðilar kerfisbundna hönnun sem ýti undir útsetningu fyrir klámi, stafrænu kynferðisofbeldi og öðru skaðlegu kynferðislegu efni. Reglurnar feli m.a. í sér að til staðar verði skýrar og aðgengilegar leiðir til að tilkynna ólögmaett eða skaðlegt efni, sjálfgefna persónuverndarstillingar fyrir aðganga barna, einfaldar leiðir fyrir börn til að loka á aðra notendur og virkar aldurstýringar á efni sem ekki sé ætlað börnum, þar á meðal kynferðislegt efni.

- *Markmið:* Draga úr skaðlegum áhrifum kláms og stafræns kynferðisofbeldis á börn og ungmenni með því að tryggja að stafrænt umhverfi styðji við forvarnir.
- *Mælikvarði:* Barnvænar stillingar, aldurstýring og tilkynningaleiðir hafi verið innleiddar hjá helstu stafrænu þjónustuveitum sem börn og ungmenni nota fyrir árslok 2029.
- *Kostnaðaráætlun:* Innan fjárheimilda.
- *Ábyrgðaraðili:* Atvinnuvegaráðuneyti.
- *Dæmi um samstarfsaðila:* Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, Fjölmíðlanefnd, Persónuvernd.
- *Tímarammi:* 2026-2029.

10. Fræðsla um stafrænt öryggi barna og ungmenna

Útbúið verði fræðslu- og kynningarefni um reglur til að tryggja öryggi barna í stafrænu umhverfi sbr. aðgerð nú um stafrænt öryggi barna og ungmenna og hvað í þeim felist. Leitað verði samstarfs við helstu innlendu þjónustuveitendur við gerð og dreifingu fræðsluefnis.

- *Markmið:* Tryggja öruggt, barnvænt stafrænt umhverfi og draga úr skaðlegum áhrifum klámefnis, áreitni og annarra áhættuþátta á börn og ungmenni.

- *Mælikvarði*: Fræðsluefni um samræmdar reglur um stafrænt öryggi barna hafi verið þróað samhliða vinnu við aðgerð níu um stafrænt öryggi barna og komið í kynningu og dreifingu fyrir lok árs 2029.
- *Kostnaðaráætlun*: 4 millj. kr.
- *Ábyrgðaraðili*: Menningar- nýsköpunar- og háskólaráðuneyti.
- *Dæmi um samstarfsaðila*: Mennta- og barnamálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, Fjölmíðlanefnd, Persónuvernd.
- *Tímarammi*: 2027–2028.

11. Aðgerðir gegn kynferðisofbeldi með notkun gervigreindar

Mótaðar verði skýrar aðgerðir, leiðbeiningar og viðbragðsferlar vegna stafræns kynferðisofbeldis gegn börnum sem framið er með notkun gervigreindar, þ. á m. framleiðslu, dreifingar og hótana um dreifingu gervigreindarframleidds kynferðislegs efnis, s.s. svokallaðra djúpfölsunar mynda og myndbanda.

- *Markmið*: Tryggja virka vernd barna gegn stafrænu kynferðisofbeldi með notkun gervigreindar, styrkja viðbragðsgetu skóla og annarra stofnana.
- *Mælikvarði*: Viðbragðsferlar liggi fyrir eigi síðar en fyrir lok árs 2027. Sérhæfð fræðsla hafi verið innleidd fyrir starfsfólk skóla, skólastjórnendur og annað fagfólk fyrir árslok 2028.
- *Kostnaðaráætlun*: Innan fjárheimilda.
- *Ábyrgðaraðili*: Mennta- og barnamálaráðuneyti.
- *Dæmi um samstarfsaðila*: Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu, Barna- og fjölskyldustofa, Fjölmíðlanefnd.
- *Tímarammi*: 2026–2028.

12. Námskeið um tengsl milli öfgahyggu og kynbundins ofbeldis

Útbúið verði netnámskeið fyrir skólastjórnendur, kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi um tengsl milli öfgahyggu, hatusorðræðu, skautunar og kvenfyrirlitningar á netinu og kynbundins ofbeldis. Námskeiðinu verði ætlað að styðja starfsfólk sem vinni með börnum í að ræða við þau um hvernig kynbundið ofbeldi og kvenfyrirlitning birtist í orðræðu og hugmyndafræði á netinu. Í kjölfarið geti starfsfólk í skóla- og frístundastarfi bæði borið kennsl á orðræðu sem ýti undir kynbundið ofbeldi og nýtt viðurkenndar aðferðir til þess að takast á við þá orðræðu í skóla- og frístundastarfi.

- *Markmið*: Auka þekkingu starfsfólks skóla og frístundastarfs á samhengi öfgahyggu, hatusorðræðu, skautunar og kvenfyrirlitningar og kynbundins ofbeldis.
- *Mælikvarði*: Fjöldi starfsfólks sem hefur horft á námskeiðið og könnun meðal starfsfólks þess í kjölfarið.
- *Kostnaðaráætlun*: 4 millj. kr.
- *Ábyrgðaraðili*: Mennta- og barnamálaráðuneyti.
- *Dæmi um samstarfsaðila*: Fjölmíðlanefnd, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.
- *Tímarammi*: 2027–2028.

13. Stuðningur og fræðsla til foreldra og forsjáraðila um stafrænt ofbeldi og klám

Þróaðar verði samræmdar leiðbeiningar og fræðsluefni fyrir foreldra og forsjáraðila barna og ungmenna um stafrænt ofbeldi gegn börnum og ungmönnum. Í leiðbeiningunum verði m.a. fjallað um áhrif kláms, stafrænt kynferðisofbeldi, notkun gervigreindar og önnur ný áhættusvið. Áhersla verði lögð á að styðja foreldra í samtali við börn um stafrænt efni, samþykki, mörk, kynheilbrigði og öryggi í stafrænu umhverfi.

- *Markmið*: Tryggja að foreldrar og forsjáraðilar barna og ungmenna hafi aðgang að áreiðanlegu og samræmdu fræðsluefni til að styðja börn sín gegn stafrænu ofbeldi og skaðlegri stafrænni útsetningu.
- *Mælikvarði*: Samræmdar leiðbeiningar og fræðsluefni liggi fyrir eigi síðar en árið 2027.
- *Kostnaðaráætlun*: 4 millj. kr.
- *Ábyrgðaraðili*: Mennta- og barnamálaráðuneyti.
- *Dæmi um samstarfsaðila*: Barna- og fjölskyldustofa, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.
- *Tímarammi*: 2027.

Fræðsla

14. Fræðsla til starfsfólks sem starfar með börnum og ungmennum

Tryggt verði að allt starfsfólk og sjálfbóðaliðar sem starfa með börnum og ungmennum, þ. á m. starfsfólk í skóla-, fristunda-, íþrótt- og æskulýðsstarfi og listkennslu ásamt dagforeldrum og starfsfólki sem starfar með fötluðum börnum og ungmennum, hljóti fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni. Lágmarksfræðsla verði veitt í formi netnámskeiðs sem útbúið hefur verið hjá Barna- og fjölskyldustofu fyrir starfsfólk sem vinnur með börnum og ungmennum. Stjórnendur og skólaskrifstofur bjóði upp á frekari fræðslu til að tryggja viðeigandi þekkingu og þjálfun starfsfólks á þeirra vegum. Fræðslan verði vera samræmd og byggja á sameiginlegum gæðaviðmiðum til að tryggja jafnræði og gæði í allri umönnun og uppeldi barna.

- *Markmið:* Allt starfsfólk sem starfa með börnum og ungmennum hafi grunnþekkingu á kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni gegn börnum og ungmennum.
- *Mælikvarði:* 90% starfsfólks hafi lokið netnámskeiði fyrir lok árs 2030.
- *Kostnaðaráætlun:* Innan fjárheimilda.
- *Ábyrgðaraðili:* Mennta- og barnamálaráðuneyti í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga.
- *Dæmi um aðra samstarfsaðila:* Barna- og fjölskyldustofa.
- *Tímarammi:* 2026-2030.

15. Efling samfélagslögreglu

Hlutverk samfélagslögreglu í ofbeldisforvörnum barna og ungmenna verði eflt með því að auka sýnileika hennar, aðgengi og skýrar boðleiðir gagnvart skólum, börnum og foreldrum þeirra. Áhersla verði lögð á snemmtæka íhlutun, tengslamyndun og samræmd, barnvæn viðbrögð sem séu til þess fallin að draga úr líkum á stigmögnun þegar áhyggjur af ofbeldi eða áhættuhegðun koma upp, þ. á m. í stafrænu umhverfi. Aðgerðin byggir á því að samfélagslögregla sé traustur tengiliður og viðbragðsaðili.

- *Markmið:* Að stuðla að skýrum boðleiðum og styðja við heildstæða nálgun í ofbeldisforvörnum með þátttöku lögreglu
- *Mælikvarði:* Skilgreint hlutverk samfélagslögreglu í ofbeldisforvörnum barna og ungmenna liggi fyrir á landsvísu og skýrar boðleiðir milli skóla og samfélagslögreglu hafi verið innleiddar eigi síðar en árið 2028.
- *Kostnaðaráætlun:* Innan fjárheimilda.
- *Ábyrgðaraðili:* Dómsmálaráðuneyti.
- *Dæmi um samstarfsaðila:* Ríkislögreglustjóri, mennta- og barnamálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, Barna- og fjölskyldustofa.
- *Tímarammi:* 2027–2028.

16. Kynningar og upplýsingagjöf til almennings og fagfólks

Á gildistíma forvarnaáætlunar verði reglulega vakin athygli á málefnum, m.a. með kynningum og miðlun á afrakstri aðgerða auk kynninga á því efni sem til er varðandi úrræði, fræðsluefni, leiðbeiningar og annað efni um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni gegn börnum og ungmennum.

- *Markmið:* Auka þekkingu almennings og fagfólks á forvörnum og viðbrögðum við kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi.
- *Mælikvarði:* Áhorf á rafrænt kynningarefni.
- *Kostnaðaráætlun:* 5 millj. kr.
- *Ábyrgðaraðili:* Dómsmálaráðuneyti.
- *Dæmi um samstarfsaðila:* Mennta- og barnamálaráðuneyti, Jafnréttisstofa, stýrihópur forvarnaáætlunar.
- *Tímarammi:* 2026-2030.

Leiðbeiningar, verkferlar og gátlistar

17. Áætlanir og verkferlar til að koma í veg fyrir kynbundið og kynferðislegt ofbeldi

Útbúið verði sniðmát að áætlunum með verkferlum til að koma í veg fyrir kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni gegn börnum og ungmennum. Lögð verði áhersla á

fyrirbyggjandi aðgerðir á starfsstöðum er börn og ungmenni dvelja eða sækja þjónustu. Sniðmátin verði kynnt um land allt með rafrænum kynningarfundum.

- *Markmið:* Koma í veg fyrir kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni gegn börnum og ungmennum.
- *Mælikvarði:* Sniðmát séu tilbúin og hafi verið kynnt fyrir lok árs 2027.
- *Kostnaðaráætlun:* Innan fjárheimilda.
- *Ábyrgðaraðili:* Mennta- og barnamálaráðuneyti.
- *Dæmi um samstarfsaðila:* Samband íslenskra sveitarfélaga, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, Barna- og fjölskyldustofa.
- *Tímarammi:* 2026–2027.

18. Samræmt verklag og verkferlar vegna kynbundins og kynferðislegs ofbeldis og áreitni gegn börnum og ungmennum

Útbúið verði samræmt verklag og verkferlar vegna kynferðisofbeldis gegn börnum og ungmennum sem nýtist á öllum þeim starfsstöðum þar sem þessi hópur dvelur eða sækir þjónustu. Útbúið verði sniðmát sem aðlaga megi að þörfum hvers starfsstaðar fyrir sig. Lögð verði sérstök áhersla á hlutverk stjórnenda og verkferla sem tengist samstarfi við stuðningsþjónustur, skráningu, eftirfylgni og samtali við forsjáraðila. Verklagið verði markvisst kynnt um land allt með rafrænum kynningarfundum.

- *Markmið:* Tryggja samræmt verklag og viðbrögð við kynbundnu og kynferðislegu ofbeldis og áreitni gegn börnum og ungmennum.
- *Mælikvarði:* Verklag tilbúið og kynnt eigi síðar en vor 2027
- *Kostnaðaráætlun:* Innan fjárheimilda.
- *Ábyrgðaraðili:* Mennta- og barnamálaráðuneyti.
- *Dæmi um samstarfsaðila:* Samband íslenskra sveitarfélaga, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, Barna- og fjölskyldustofa.
- *Tímarammi:* 2026–2027.

19. Gátlistar fyrir öll skólastig á heilsuefandi.is

Útbúnir verði sérstakir gátlistar um hlutverk og ábyrgð allra skólastiga á því að koma í veg fyrir og tilkynna kynbundið og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, þ. á m. stafrænt ofbeldi, m.a. með markvissri þjálfun og fræðslu starfsfólks.

- *Markmið:* Skýra hlutverk og ábyrgð allra skólastiga þegar kemur að forvörnum, þekkingu og tilkynningum vegna kynbundins og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum.
- *Mælikvarði:* Gátlistar hafi verið birtir á vef heilsuefandi.is fyrir lok árs 2026 og lokið verði við rafrænar kynningar fyrir öll skólastig fyrir lok árs 2027.
- *Kostnaðaráætlun:* Innan fjárheimilda.
- *Ábyrgðaraðili:* Heilbrigðisráðuneyti.
- *Dæmi um samstarfsaðila:* Embætti landlæknis, mennta- og barnamálaráðuneyti.
- *Tímarammi:* 2026–2027.

20. Viðbrögð við kynferðislegu ofbeldi framhaldsskólanema gegn samnemendum

Unninn verði viðauki við EKKO-leiðarvísi mennta- og barnamálaráðuneytisins með skýrum leiðbeiningum fyrir skóla um hvernig bregðast beri við atvikum þar sem nemendur beita samnemendum sína kynferðislegu ofbeldi. Í viðaukanum verði lögð áhersla á verkferla, hlutverk skóla og stuðningsúrræði fyrir gerendur með áherslu á faglegan stuðning og endurmat/ígrundun innan skóla.

- *Markmið:* Tryggja samræmd og fagleg viðbrögð við atvikum þar sem nemendur beita samnemendum sína kynferðislegu ofbeldi, í samræmi við EKKO leiðarvísi mennta- og barnamálaráðuneytis. Viðbrögðin tryggi bæði öryggi þolenda og stuðning fyrir meinta gerendur.
- *Mælikvarði:* Viðauki og útfærðar leiðbeiningar hafi verið birtar og kynntar fulltrúum allra framhaldsskóla eigi síðar en haustið 2027.
- *Kostnaðaráætlun:* Innan fjárheimilda.
- *Ábyrgðaraðili:* Mennta- og barnamálaráðuneyti.
- *Dæmi um samstarfsaðila:* Embætti Landlæknis.
- *Tímarammi:* 2026–2027.

21. Viðbrögð við óviðeigandi kynferðislegri hegðun barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi

Unnar verði leiðbeiningar fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi um viðbrögð við óviðeigandi eða skaðlegri kynferðislegri hegðun barna og ungmenna. Leiðbeiningarnar byggja á nýjustu þekkingu og alþjóðlegum viðmiðum og séu aðgengilegar fagfólki og stjórnendum í skóla- og frístundastarfi.

- *Markmið:* Tryggja samræmd og fagleg viðbrögð við óviðeigandi kynferðislegri hegðun barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi.
- *Mælikvarði:* Leiðbeiningar birtar og kynntar eigi síðar en 2027.
- *Kostnaðaráætlun:* Innan fjárheimilda.
- *Ábyrgðaraðili:* Mennta- og barnamálaráðuneyti.
- *Dæmi um samstarfsaðila:* Barna- og fjölskyldustofa.
- *Tímarammi:* 2026–2027.

Eftirfylgni og mat á árangri.

22. Stýrihópur um framkvæmd og innleiðingu forvarnaáætlunar

Dómsmálaráðuneyti beri ábyrgð á samhæfingu vegna framkvæmdar þessarar þingsályktunar og eftirfylgni með aðgerðum hennar. Skipaður verði þverfaglegur stýrihópur með fulltrúum frá ábyrgðaraðilum aðgerða. Stýrihópurinn starfi út gildistíma þingsályktunarinnar og hafi það hlutverk með höndum að fylgja eftir framkvæmd og innleiðingu áætlunarinnar, halda utan um upplýsingagjöf skv. aðgerð 16 um kynningar og upplýsingagjöf til almennings og fagfólks og kalla eftir upplýsingum vegna uppfærslu mælaborðs skv. aðgerð 23 um mælaborð um framfylgd aðgerða forvarnaáætlunar.

- *Markmið:* Tryggja innleiðingu, framkvæmd, eftirfylgni og samhæfingu forvarnaáætlunar þessarar.
- *Mælikvarði:* Stýrihópur hafi verið skipaður fyrir lok júní 2026.
- *Kostnaðaráætlun:* Innan fjárheimilda.
- *Ábyrgðaraðili:* Dómsmálaráðuneyti.
- *Tímarammi:* 2026–2030.

23. Mælaborð um framgang aðgerða forvarnaáætlunar

Komið verði upp mælaborði á vefsvæði Stjórnarráðsins með yfirliti aðgerða og upplýsingum um stöðu þeirra og framgang. Mælaborð verði uppfært með reglubundnum hætti.

- *Markmið:* Tryggja yfirsýn yfir stöðu aðgerða innan forvarnaáætlunarinnar.
- *Mælikvarði:* Mælaborð verði birt á vefsvæði dómsmálaráðuneytisins og staða aðgerða verði uppfærð tvisvar á ári.
- *Kostnaðaráætlun:* Innan fjárheimilda.
- *Ábyrgðaraðili:* Dómsmálaráðuneyti.
- *Dæmi um samstarfsaðila:* Stýrihópur um um framkvæmd og innleiðingu forvarnaáætlunar.
- *Tímarammi:* 2026–2030.

Endurskoðun forvarnaáætlunar

Ráðherra leggi forvarnaáætlun fyrir árin 2030–2034 fyrir Alþingi eigi síðar en á löggjafarþingi 2029–2030. Áætlunin verði unnin af ráðuneytinu í samstarfi við stýrihóp þessarar áætlunar sbr. aðgerð 22 og í samráði við ábyrgðaraðila einstakra aðgerða.

Greinargerð.

Inngangur

Dómsmálaráðherra leggur tillögu þessa til þingsályktunar fram og ber á henni stjórnsýslulega ábyrgð. Hlutaðeigandi ráðuneyti bera ábyrgð á framkvæmd hennar, eftir því sem við á, í samræmi við hlutverk sitt og lögbundnar skyldur.

Árið 2018 skipaði þáverandi ríkisstjórn stýrihóp um heildstæðar aðgerðir til að vinna gegn kynferðislegu ofbeldi. Í hópnum áttu sæti fulltrúar ýmissa ráðuneyta og fólst hlutverk þeirra m.a. í því að móta heildartillögur um forvarnir og fræðslu gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Skipuð var ráðgefandi nefnd sem skilaði tillögum til stýrihópsins í janúar 2020. Í framhaldi af tillögum nefndarinnar varð til fyrsta heildstæða og fullfjármagnaða áætlunin til að koma í veg fyrir kynbundið og kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum og ungmennum. Þingsályktunartillaga nr. 37/150 um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn

kynferðislegu og kynbundu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021-2025 (forvarnaáætlun 2021-2025) var samþykkt á Alþingi þann 3.júní 2020.

Til að fylgja forvarnaáætluninni eftir var settur saman stýrihópur sem fundaði reglulega á gildistíma hennar. Þingsályktunartillaga þessi og sú aðgerðaáætlun sem henni fylgir (forvarnaáætlun) byggja að mörgu leyti á þeirri miklu vinnu sem unnin var við framkvæmd forvarnaáætlunar 2021-2025. Frekari upplýsingar um tilurð og bakgrunn hennar og þörfina fyrir markvissar forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynbundu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni má finna í greinargerð með forvarnaáætlun 2021-2025.¹ Þar kemur m.a. fram að með henni sé mætt alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, m.a. skuldbindingum samkvæmt Barnasáttmálanum, Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, Ístanbúl-samningnum, Samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum (CEDAW), Samningi sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og Lanzarote-samningi Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun.

Framkvæmd aðgerða samkvæmt forvarnaáætlun 2021-2025 hefur skilað umtalsverðum árangri og lagt traustan grunn að markvissu forvarnastarfi gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi. Frá því að vinna hófst við gerð forvarnaáætlunar 2021-2025 og á gildistíma hennar hafa talsverðar breytingar átt sér stað sem vert er að minnast á. Má þar sem dæmi nefna gildistöku laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks og landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Á gildistíma áætlunarinnar var byggður upp samræmdur fræðslu- og námsefnisgrunnur fyrir öll skólastig og á öðrum vettvangi þar sem börn og ungmenni dvelja, m.a. með þróun og miðlun námsefnis og aðgengi að netnámskeiðum fyrir starfsfólk sem starfar með börnum og ungmennum. Jafnframt varð til viðtækur og markviss samráðsvettvangur milli stofnana, ráðuneyta, félagasamtaka og annarra ábyrgðaraðila sem unnu sameiginlega að innleiðingu, miðlun og þróun verkefna á sviði forvarna. Fjöldmörg þverfagleg verkefni milli stofnana urðu til í tengslum við þessa vinnu og byggja fjölmargar aðgerðir sem lagðar eru til í þessari þingsályktun á þeim grunn.

Sú vinna sem þegar hefur farið fram er því grundvöllur sem mikilvægt er að fylgja eftir og halda utan um svo byggja megi á henni við markvissa stefnumótun til framtíðar. Þessi nálgun er í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, þar sem forvarnir eru skilgreindar sem fyrsta stigs þjónusta og lögd er áhersla á samfellda, þverfaglega samvinnu kerfa. Jafnframt styður vinnan við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Ístanbúl-samningnum og Lanzarote-samningi Evrópuráðsins. Með aðgerðunum er jafnframt brugðist við ábendingum Lanzarote-nefndar Evrópuráðsins, m.a. um mikilvægi markvissrar, aldursviðeigandi og kerfisbundinnar kynfræðslu og fræðslu um kynferðislegt ofbeldi, eins og fram kemur í eftirlitsskýrslu nefndarinnar um Ísland (Council of Europe, Committee of the Parties to the Lanzarote Convention, 2023). Með því að halda áfram að efla forvarnir sem fyrsta stigs þjónusta er tryggt að þessi skuldbinding endurspeglar í framkvæmd og viðbragði stjórnvalda við nýjum áskorunum í samfélaginu.

Þrátt fyrir þann árangur sem náðst hefur við framkvæmd forvarnaáætlunar 2021-2025 og að kynjajafnrétti mælist mest á meðal þjóða á Íslandi samkvæmt lista Alþjóðaefnahagsráðsins, þá er kynferðislegt og kynbundið ofbeldi enn algengt hér á landi. Samkvæmt íslenskum rannsóknum hafa á bilinu 6-9% karla og 25-30% kvenna orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi um ævina. Þá svara 20% kvenna og 7% karla í framhaldsskólum því játandi í Íslensku æskulýðsrannsókninni að þeim hafi verið nauðgað. Í niðurstöðum sömu rannsóknar fyrir grunnskóla svara 4% drengja og 12% stúlkna því játandi að annar unglingur hafi haft við þau munnmök eða samfarir gegn vilja þeirra einhvern tíma á ævi þeirra. Rannsóknir hafa sýnt að þolendur kynferðisofbeldis greina frá lakari líkamlegri og andlegri heilsu. Það er því til mikils að vinna að koma í veg fyrir kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og draga úr skaðlegum afleiðingum þess til skemmrir og lengri tíma. Þá verður ekki hjá því komist að taka mið af breyttu samhengi og umfangi kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni gagnvart fólki í samfélaginu. Þar ber hæst öra þróun stafrænna miðla og stafrænnar tækni. Börn og ungmenni verja sífellt meiri tíma í stafrænum heimi þar sem þau eru í auknum mæli markhópur fyrir áróðri sem tengist kvenfyrirlitningu, skautun, öfgahyggju og fordómum gegn konum og jafdarsettum hópum.

Ofbeldi gegn börnum hefur ennfremur tekið á sig nýjar og flóknari myndir í takt við hraða tækniþróun og breytt samskiptamynstur. Notkun snjalltækja og samfélagsmiðla hefur skapað aðstæður þar sem áreitni og ofbeldi geta átt sér stað án þess að gerendur og þolendur þekkist eða hittist nokkurn tíma augliti til auglitis. Stafrænt ofbeldi getur m.a. falist í netáreitni,

endurtekinni stafrænni áreitni í gegnum skilaboð og athugasemdir, hótunum um að birta viðkvæmt kynferðislegt myndefni (e. sextortion), dreifingu kynferðislegs efnis án samþykkis og stafrænni eltiðrellingu (e. stalking).

Samhliða þessari þróun hefur útbreiðsla hatusorðræðu, innrætingar og öfgahyggju á netinu orðið alvarlegt vandamál. Börn og ungmenni verða í auknum mæli fyrir áhrifum frá hópum sem miðla öfgafullum hugmyndum, kynþáttahyggju og kvenfyrirlitningu í gegnum samfélagsmiðla og spjallrásir á netinu. Rannsóknir benda til þess að slík innræting hafi aukist verulega og að öfgahópar nýti algrím samfélagsmiðla markvisst til að beina boðskap sem ýtir undir hatusorðræðu og fjandsamleg viðhorf að ungu fólki (Europol, 2024). Þá hefur þróun gervigreindar jafnframt opnað nýjar leiðir fyrir gerendur til að skapa, framleiða og dreifa stafrænu kynferðisofbeldi. Með notkun gervigreindartækni er nú hægt að framleiða myndefni þar sem börn virðast vera þátttakendur í ýmsu kynferðislegu atferli án samþykkis eða vitundar þeirra. Umfang slíks efnis hefur farið hríðvaxandi á alþjóðavísu; samkvæmt skýrslu Childlight (2024) jókst skráning gervigreindarmynda (e. deepfake) sem tengjast börnum um ríflega 1.300% á einu ári. Þessi þróun hefur vakið verulegar áhyggjur meðal alþjóðlegra stofnana, þar á meðal Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Europol, sem hafa varað við því að gervigreind sé orðin órjúfanlegur hluti af umhverfi stafræns kynferðisofbeldis (OECD, 2024; Europol, 2024).

Í íslensku samhengi hafa rannsóknir Fjölmíðlanefndar og Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands sýnt fram á að hátt hlutfall barna er útsett fyrir kynferðislegu efni í stafrænum samskiptum. Um 20% nemenda í 8.–10. bekk höfðu fengið sendar nektarmyndir og 5% sent slíkar myndir af sér samkvæmt rannsóknum þessara aðila frá árinu 2023. Á sama hátt höfðu 51% framhaldsskólanema fengið slíkar myndir og 18% sent þær (Fjölmíðlanefnd og Menntavísindastofnun HÍ, 2023). Þessar niðurstöður undirstrika að kynferðislegt efni og áreitni í stafrænu umhverfi er í auknum mæli orðið hluti af daglegum raunveruleika barna og ungmenna. Þróun þessi er drifin áfram af aukinni tækninotkun barna og ungmenna, skorti á fræðslu um mörk og samþykki, þeirri fjarlægð sem netið veitir gerendum og hagnaðarsjónarmiðum fyrirtækja sem bjóða þjónustu sína á markaði.

Í forvarnaáætlun þessari er því lögð mikil áhersla á að bregðast við þeim hættum og áskorunum sem þetta hefur í för með sér. Nauðsynlegt er að uppfæra forvarnaáherslur og aðferðir stjórnvalda í ljósi þessara breytinga, einkum til að styrkja forvarnir og viðbrögð í stafrænu umhverfi. Haustið 2025 var skipaður starfshópur til að vinna að gerð nýrrar forvarnaáætlunar. Starfshópurinn tók til starfa undir lok september 2025 og starfaði fram að framlagningu þingsályktunartillögu þessarar.

Áhersla var lögð á samráð, m.a. með rýnihópum þar sem ungmenni á framhaldsskólaaldri fengu tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Þar kom fram rík áhersla á að stafrænt umhverfi væri vettvangur þar sem þau upplifðu í auknum mæli áreitni og ofbeldi. Þessi reynsla ungmenna var höfð að leiðarljósi við mótun tillagna í þingsályktun þessari. Þá var þema samráðsvettvangs Jafnréttisráðs um jafnrétti kynjanna, sem haldinn var í Hannesarholti 3. desember 2025, forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi meðal barna og ungmenna. Sérstök áhersla var lögð á stafrænt kynferðisofbeldi og forvarnir og viðbrögð gegn því á fundinum. Meðal þeirra áherslna sem þar komu fram má nefna mikilvægi fræðslu um samþykki og mörk, stafrænt læsi, gagnrýna hugsun og afleiðingar stafræns ofbeldis. Fræðsla til fagfólks, s.s. lögreglu, kennara, sálfræðinga, um stafrænt ofbeldi og viðbrögð við því, var ekki síður talin mikilvæg ásamt því að huga þurfi að sérhæfðri fræðslu fyrir jaðarsetta hópa, s.s. skynsegin börn, börn með fötlun, börn af erlendum uppruna og hinsegin börn. Þá kom fram að foreldrar væru lykilaðilar í að setja börnum sínum skýr mörk um skjánotkun og samfélagsmiðla. Jafnframt kom fram að þá skorti leiðbeiningar og sjálfstraust til að ræða netnotkun, klám og samskipti við börn sín. Lög og reglur um stafrænt efni og notkun gervigreindar voru einnig til umræðu. Þar kom fram að ritstjórnarleg ábyrgð fjölmíðla og tæknirisa væri mikil og nauðsynlegt væri að leita leiða, m.a. í samstarfi við tæknifyrirtæki og þjónustuveitendur, til að takmarka aðgang að klámi og möguleika á að nota stafræna tækni sem leið fyrir áreitni og ofbeldi, t.a.m. með notkun rafrænna skilríkja.ⁱⁱ

Forvarnaáætlun þessi byggir m.a. á þeim hugmyndum sem fram komu í samráðsferli við undirbúning og gerð hennar, aðgerðum forvarnaáætlunar 2021-2025 og þeirri reynslu sem fengist hefur við eftirfylgd aðgerða innan hennar ásamt ábendingum sem fram hafa komið frá framkvæmdaaðilum, jafnframt því að leggja áherslu á markviss viðbrögð við nýjum áskorunum, einkum á sviði stafræns kynferðisofbeldis og áreitni. Áætluninni er skipt upp í

eftirfarandi fimm kafla: *Almennar aðgerðir, Stafrænt kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni, Fræðsla, Leiðbeiningar, verkferlar og gátlistar og Eftirfylgni og mat á árangri.*

Í kaflanum *Almennar aðgerðir* má finna aðgerðir sem þróaðar hafa verið út frá ábendingum sem fram hafa komið um hvernig megi vinna áfram með aðgerðir úr forvarnaáætlun 2021-2025. Má þar sérstaklega nefna áframhaldandi vinnu við gagnvirk netnámskeið Barna- og fjölskyldustofu, áframhaldandi vinnu við útfærslu á hlutverkum forvarnateyma grunnskóla og samstarf þeirra við stjórnendur og skólaskrifstofur sveitarfélaga og áframhaldandi þróun þjónustu og stuðnings við börn og ungmenni í frístundastarfi. Þá er rétt að nefna sérstaklega aðgerð tvö um að framkvæmt verði heildstætt mat á kostnaði vegna kynferðislegs ofbeldis gegn börnum og ungmennum, sem er lykilaðgerð til að sýna fram á hagræna hvata til að fjárfesta í forvörnum.

Í kaflanum *Stafrænt kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni* er mikil áhersla lögð á aðgerðir til að tryggja öryggi barna og ungmenna í stafrænum heimi og fræðslu og stuðning til starfsfólks og foreldra og forráðamanna til að koma í veg fyrir og bregðast við þeim hættum sem stafrænt umhverfi getur skapað.

Í kaflanum um *Fræðslu* er áhersla lögð á að allt starfsfólk sem starfar með börnum og ungmennum, hljóti áfram lágmarks fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni í gegnum netnámskeið Barna- og fjölskyldustofu. Þá ber að nefna aðgerð um að efla hlutverk samfélagslögreglu í forvörnum með því að skilgreina hlutverk og boðleiðir hennar gagnvart skólum, börnum og foreldrum. Auk þess má nefna aðgerð um upplýsingagjöf til almennings og fagfólks sem starfar með börnum og ungmennum til að tryggja að upplýsingar um það efni, úrræði og þjónustu vegna forvarna og viðbragða við kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni sem þegar er til, og upplýsingar um það efni sem mun verða til við framkvæmd þessarar forvarnaáætlunar, komist til skila til þeirra sem á þurfa að halda.

Í kaflanum um *Leiðbeiningar, verkferla og gátlista* er áhersla lögð á að þróa og koma á framfæri leiðum til að koma í veg fyrir og bregðast við kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni gegn börnum og ungmennum. Lögð er áhersla á að búa til sniðmát sem leggi grunn að samræmdu verklagi og verkferlum, sem og gátlista fyrir leik-, grunn, og framhaldsskóla sem taka sérstaklega til forvarna gegn kynbundnu- og kynferðislegu einelti og áreitni gagnvart börnum og ungmennum, leiðbeiningar fyrir framhaldsskóla vegna atvika þar sem nemendur beita ofbeldi, og leiðbeiningar vegna óviðeigandi kynferðislegrar hegðunar barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi.

Reynsla af starfi stýrihóps forvarnaáætlunar 2021-2025 hefur sýnt fram á að öflugur stýrihópur sem heldur utan um aðgerðir og mælaborð sem sýnir framgang þeirra, eru lykilþættir í eftirfylgni og mati á árangri. Í kaflanum *Eftirfylgni og mat á árangri* er því lagt til að settur verði á fót stýrihópur um framkvæmd og innleiðingu forvarnaáætlunar undir formennsku dómsmálaráðuneytis og að komið verði upp mælaborði um framfylgd aðgerða forvarnaáætlunar á heimasíðu stjórnarráðsins.

Almennar aðgerðir

1. Framkvæmdasjóður

Hlutverk framkvæmdasjóðs er að efla starf stjórnvalda og styðja við framkvæmd ráðuneyta Stjórnarráðsins á aðgerðum forvarnaáætlunar þessarar og eftirfylgni við aðgerðir tengdum henni. Settar verða reglur um úthlutun úr sjóðnum og þær kynntar ráðuneytum í kjölfar gildistöku áætlunarinnar. Dómsmálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum frá ráðuneytum og úthlutar styrkjum að undangengnu faglegu mati ráðuneytisins á því hvar úthlutanir sjóðsins nýtist best.

2. Heildstætt mat á kostnaði vegna kynferðislegs ofbeldis gegn börnum og ungmennum

Kynferðisofbeldi gegn börnum hefur gríðarleg áhrif á þau börn sem fyrir því verða, aðstandendur þeirra og samfélagið í heild. Auk þess að valda djúpstæðum persónulegum og félagslegum skaða getur slíkt ofbeldi leitt til verulegs kostnaðar fyrir samfélagið. Þessi kostnaður getur falið í sér beinan kostnað vegna heilbrigðisþjónustu, sálfræðiþjónustu, félagsþjónustu auk óbeins kostnaðar vegna tapaðrar framleiðni, aukinnar hættu á því að börn og ungmenni falli úr námi, glími við atvinnuleysi eða langvarandi heilsufarsvandamál seinna á ævinni. Markviss efnahagsleg greining mun veita ríki og sveitarfélögum heildarmynd af fjárhagslegum áhrifum kynferðisofbeldis gegn börnum. Slík gögn eru lykilatriði til að rökstyðja fjárfestingu í forvörnum og stuðningi við þolendur. Greiningin mun byggja á

alþjóðlegum viðmiðum og bestu aðferðum m.a. frá WHO og OECD, og meta bæði beinan og óbeinan kostnað yfir líftíma þolenda, frá broti og til fullorðinsára.

3. Efling forvarnateyma grunnskóla

Forvarnateymum í grunnskólum var komið á fót með þingsályktun nr. 37/150 um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021-2025 (Forvarnaáætlun 2021-2025). Forvarnateymin gegna lykilhlutverki í að styðja við markvissar forvarnir og viðbrögð við kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni innan skólanna. Ábyrgð á skipulagi skólastarfs, þar með talið fræðslu, forvörnum og viðbrögðum við ofbeldi, hvílir á skólastjórnendum og skólaskrifstofum sveitarfélaga. Forvarnateymum ofbeldis er ætlað að styðja við þessa ábyrgð með ráðgjöf og faglegum stuðningi. Hlutverk forvarnateyma felst m.a. í að tryggja að fyrir liggi heildstæð forvarnaáætlun skólans sem sýnir með skýrum hætti hvernig fræðsla um ofbeldi og áreitni er tryggð í öllum árgöngum skólans, hvernig viðbragðsáætlanir eru útfærðar og kynntar og hvernig samfella og samræmi í ofbeldisforvörnum er tryggt í framkvæmd. Teymin gegna þannig lykilhlutverki í að styðja stjórnendur og starfsfólk við að innleiða og viðhalda skipulögðu og faglegu forvarnastarfi.

Þá gegna forvarnateymi mikilvægu hlutverki við samhæfingu viðbragða þegar upp koma mál eða áhyggjur tengdar ofbeldi eða áreitni, þar á meðal með ráðgjöf til starfsfólks og tengingu við aðra viðeigandi aðila eftir því sem við á. Skýrt umboð, afmarkað ábyrgðarsvið og reglubundin þjálfun fulltrúa teymanna eru lykilforsendur þess að þau geti sinnt þessu hlutverki á faglegan og samræmdan hátt. Forvarnateymin taka ekki fyrir einstök mál sem eðli máls samkvæmt eiga heima hjá lögreglu eða barnaverndarþjónustu, teymin geta hins vegar með stuðningi stjórnenda, vísað málum í réttan farveg. Með endurskoðun og skýrari skilgreiningu á hlutverki forvarnateyma er leitast við að draga úr óvissu um ábyrgð, auka skilvirkni og bæta gæði forvarna- og viðbragðsstarfs innan grunnskóla. Aðgerðin byggir á núverandi fyrirkomulagi á hlutverki forvarnateyma ofbeldis og miðar að því að styrkja vinnu þeirra án þess að færa ábyrgð frá skólastjórnendum eða sveitarfélögum. Við endurmenntun og þjálfun forvarnateyma verði áhersla lögð á þekkingu á stafrænum veruleika barna og ungmenna.

4. Miðlun þekkingar og skipulag fræðslu og forvarna í skólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum

Við gerð forvarnaáætlunar 2021-2025 var talið, í ljósi mikillar áherslu á fræðslu til starfsfólks sveitarfélaga sem vinnur með börnum og ungmennum, að nauðsynlegt væri að koma á fót stöðu forvarnafulltrúa innan Sambands íslenskra sveitarfélaga. Staðan var fjármögnuð út gildistíma áætlunarinnar og fólst hlutverk forvarnafulltrúa m.a. í því að styðja við innleiðingu fræðslu og forvarna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, miðlun þekkingar og fræðslu til grunnskóla og leikskóla sem ekki heyra undir skólaskrifstofur sveitarfélaga, þar á meðal sjálfstæðra skóla, að fylgja eftir aðgerðum gagnvart framhaldsskólum og miðla upplýsingum milli stýrihóps áætlunarinnar, ábyrgðaraðila, samstarfsaðila og viðtakenda. Þá var forvarnafulltrúinn lykilaðili í þróun og gerð leiðbeininga, gátlista og sniðmáta að viðbragðsáætlunum vegna kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og áreitni sem finna má á stoppofbeldi.is.

Lagt er til að Samband íslenskra sveitarfélaga byggi á þeim góða grunni, tengslaneti og boðleiðum sem til urðu á gildistíma fyrri forvarnaáætlunar og styðji áfram við miðlun þekkingar og skipulag fræðslu í samstarfi við skólaskrifstofur og forvarnateymi grunnskólanna, m.a. með þróun og innleiðingu fræðslu- og forvarnaáætlana sem komnar verði í framkvæmd í leik- og grunnskólum ásamt frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum fyrir lok árs 2028.

5. Þjónusta og stuðningur við börn og ungmenni í tómstundastarfi

Með lögum nr. 45/2019 um samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs var stigið mikilvægt skref í að tryggja að bæði börn og fullorðnir gætu leitað aðstoðar frá utanaðkomandi aðila vegna atvika og misgerða án þess að þurfa að óttast afleiðingarnar. Auk þess að sinna beinni ráðgjöf, sem er gjaldfrjáls, hefur samskiptaráðgjafi einnig gefið út ýmislegt stuðningsefni svo sem viðbragðsáætlun og fræðsluefni. Árið 2023 bárust samskiptaráðgjafa 93 tilkynningar og sneru 25% þeirra að kynbundinni eða kynferðislegri áreitni eða ofbeldi. Þá vörðudu 62% allra tilkynninga börn. Eins og er njóta börn sem stunda aðrar tómstundir en þær

sem fyrrnefnd lög ná yfir ekki þessarar þjónustu. Þar má nefna börn sem stunda tónlistarnám, myndlistarnám og danslistarnám. Lagt er til að unnið verði mat á því hvernig tryggja megi sömu eða sambærilega þjónustu fyrir börn og ungmenni í þessari stöðu, annað hvort með því að breyta lögum þannig að þjónusta samskiptaráðgjafa nái einnig til þessara barna og ungmenna, eða með þróun sambærilegs úrræðis fyrir börn í öðrum tegundum tómstunda.

6. Netnámskeið fyrir starfsfólk með börnum og ungmennum verði textað

Gagnvirk netnámskeið Barna- og fjölskyldustofu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni fyrir fólk sem starfar með börnum og ungmennum voru lykilaðgerð í forvarnaáætlun 2021-2025. Fljótlega kom í ljós að mikil þörf væri á því texta námskeiðin á íslensku, ensku, pólsku, spænsku og arabísku til að ná til allra þeirra sem ekki eiga íslensku sem móðurmál eða eru með skerta heyrn. Með þessari aðgerð er lagt til að komið verði til móts við þessa þörf með því að texta efnið á íslensku fyrir þá sem eru með heyrnarskerðingu og á tungumálum sem ná til sem flestra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli s.s. ensku, pólsku, spænsku og arabísku.

7. Netnámskeið fyrir starfsfólk sem vinnur með börnum undir tveggja ára aldri

Börn yngri en tveggja ára eru sérstaklega viðkvæmur hópur þolenda kynferðislegs og kynbundins ofbeldis, þar sem þau hafa takmarkaða getu til tjáningar vegna aldurs. Merki um slíkt ofbeldi geta verið óljós eða mistúlkuð sem eðlilegur hluti af þroskaferli. Sérhæfð þekking starfsfólks skiptir því sköpum til að grípa megi snemma inni í og tryggja öryggi barnsins. Þrátt fyrir mikilvægi fræðslu af þessu tagi er slíkt fræðsluefni ekki aðgengilegt öllum sem starfa með yngstu börnunum. Af því leiðir að nauðsynlegt er að bæta henni við framboð núverandi námskeiða Barna- og fjölskyldustofu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni fyrir fólk sem starfar með börnum og ungmennum, til að tryggja að þeir sem sinna þessum viðkvæma hópi hafi aðgang að viðeigandi fræðslu. Námskeiðin verða sérstaklega aðlöguð starfsfólki sem vinnur með börnum yngri en tveggja ára s.s. starfsfólki leikskóla og heilsugæslu og dagforeldrum.

Aðgerðin styður við skuldbindingar Íslands samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Lanzarote-samningnum. Að efla þekkingu þeirra sem sinna yngstu börnunum stuðlar að því að uppfylla þessar skyldur, með því að gera viðbrögð við grun um ofbeldi markvissari og snemmtækari.

8. Miðlægur gagnagrunnur um þátttöku starfsfólks í netnámskeiðum

Með Forvarnaáætlun 2021-2025 var námskeið Barna- og fjölskyldustofu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni fyrir fólk sem starfar með börnum og ungmennum gert að skyldu fyrir alla sem starfa með börnum og ungmennum í íþróttá-æskulýðs og tómstundastarfi og starfsfólki í skólakerfinu öllu, allt frá leikskólum upp í framhaldsskóla. Stefnt var að því að 90% alls starfsfólks hefði lokið námskeiðinu fyrir lok árs 2025. Vandkvæðum var bundið að afla yfirsýnar yfir hverjir hefðu lokið námskeiðinu þannig að hægt væri að rekja það niður á skóla eða starfsstöðvar og því nánast ómögulegt að meta hversu hátt hlutfall starfsfólks sem vinnur með börnum og ungmennum hefði lokið námskeiðinu. Því er lagt til að settur verði upp miðlægur gagnagrunnur til að halda með skilvirkum og gagnsæjum hætti utan um þátttöku starfsfólks á netnámskeiðunum. Gert er ráð fyrir að hægt verði að greina þátttöku niður á einstaka þjónustuveitendur, hvort sem um er að ræða skóla, íþróttá- og æskulýðsstarf, listgreinakennslu eða aðrar tómstundir þar sem unnið er með börnum og ungmennum.

Stafrænt kynferðislegt- og kynbundið ofbeldi og áreitni

9. Aukið stafrænt öryggi barna og ungmenna

Í skýrslu Embættis landlæknis um áhrif aðgengis barna og ungmenna að klámi sem kom út árið 2023, kemur fram að útsetning barna og ungmenna fyrir klámi er algeng, oft óviljandi og á sér stað snemma á ævinni. Skýrslan sýnir jafnframt fram á að klám hefur í vaxandi mæli orðið vettvangur þar sem ungmenni móta hugmyndir sínar um kynlíf, kynhlutverk og samþykki, sérstaklega þegar skortir aðra aðgengilega og trausta fræðslu. Niðurstöður skýrslunnar benda til þess að aukið og óheft aðgengi að klámi geti haft áhrif á líðan, viðhorf og hegðun ungmenna, þar á meðal normaliseringu kynferðislegrar áreitni, skekktra hugmynda um samþykki og aukinnar áhættuhegðunar. Þá kemur fram að börn og ungmenni séu oft útsett fyrir efni sem þau leita ekki sjálf eftir, m.a. vegna sjálfvirkra efnisdreifingar og hönnunar stafræns umhverfis. Skýrslan undirstrikar jafnframt að foreldrar og forsjáraðilar hafi

takmarkaða möguleika til að stýra þessari útsetningu einir og að ábyrgð á vernd barna geti ekki hvílt eingöngu á heimilum. Þegar stafrænar þjónustuveitur eru hannaðar þannig að kynferðislegt efni er auðfundið, sjálfvirkt eða erfitt að forðast, grefur það undan forvarnastarfi foreldra og forsjáraðila, skóla og annarra stofnana.

Aðgerðin byggir á þessum niðurstöðum og miðar að því að færa ábyrgð á vernd barna að hluta til yfir til þeirra aðila sem móta stafrænt umhverfi barna, þ.e. stafrænna þjónustuveitenda. Með því að leggja áherslu á barnvæna hönnun, aldursstýringu, ábyrgð á efnisdreifingu og skýrar tilkynningaleiðir er brugðist beint við þeim áhættuþáttum sem greindir eru í skýrslu Embættis landlæknis. Aðgerðin er þannig liður í heildstæðum viðbrögðum við þeim áskorunum sem skýrslan dregur fram og styður við markmið um að draga úr skaðlegum áhrifum kláms og stafræns kynferðisofbeldis á börn og ungmenni.

Aðgerðin byggir m.a. á ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/2065 um innri markað fyrir stafræna þjónustu og breytingu á tilskipun 2000/31/EB (tilskipun um rafræn viðskipti), sem kveður á um aukna ábyrgð stafrænna miðla og þjónustuveitenda gagnvart börnum. Í reglugerðinni er lögð áhersla á að börn njóti sérstakrar verndar í stafrænu umhverfi, m.a. með sjálfgefnum persónuverndarstillingum, einföldum tilkynningaleiðum, virkum aldursstýringum og takmörkunum á dreifingu efnis sem getur verið skaðlegt. Í reglugerðinni er gerð krafa um að stafrænar þjónustuveitur taki ábyrgð á því hvernig efni er sett fram og miðlað til notenda. Slík áhersla er sérstaklega mikilvæg þegar kemur að börnum, þar sem rannsóknir sýna að hönnun sem ýtir undir endalausa notkun, sjálfvirka spilun eða óhefta dreifingu efnis getur aukið líkur á útsetningu fyrir skaðlegu efni og haft neikvæð áhrif á liðan og þroska.

Með innleiðingu aðgerðarinnar verður tryggt að íslenskt regluverk og framkvæmd taki mið af nýjustu evrópskum kröfum um barnvænt stafrænt umhverfi. Aðgerðin styður við réttindi barna, styrkir forvarnir gegn stafrænu ofbeldi og skapar skýrari ábyrgð þjónustuveitenda á því að vernda börn gegn skaðlegu efni og áhættu í stafrænu rými. Aðgerðin fellur jafnframt að alþjóðlegum skuldbindingum Íslands um vernd barna og forvarnir gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og leggur grunn að stafrænu umhverfi þar sem hagsmunir barna eru hafðir í forgangi.

10. Fræðsla um stafrænt öryggi barna og ungmenna

Samhliða vinnu við samræmdar reglur til að tryggja öryggi barna í stafrænu umhverfi sbr. aðgerð níu um aukið stafrænt öryggi barna og ungmenna verður unnið fræðsluefni um þær reglur sem settar verða og þær kynntar almenningi og fagaðilum.

Stafrænt umhverfi barna hefur tekið örum breytingum undanfarin ár og er í dag einn algengasti vettvangurinn fyrir samskipti barna og ungmenna. Samhliða aukinni netnotkun barna hefur áhætta tengd skaðlegu efni, áreitni, stafrænu ofbeldi og kynferðislegu efni aukist. Aðgerð níu um aukið stafrænt öryggi barna og ungmenna miðar því að tryggja að forsvarsfólk stafrænna þjónustuveitna beri skýra ábyrgð á öryggi barna og að hönnun þeirra taki mið af aldri og þroska barna. Mikilvægt er að reglurnar og þau úrræði sem þær kveða á um verði settar fram á einfaldan og aðgengilegan hátt svo fagfólk, almenningur og foreldrar viti hvar þau er að finna, hvernig á að nálgast úrræði, hvar stillingar er að finna og hvernig þær virka. Mikið og gott starf hefur verið unnið innan Fjölmíðlanefndar við gerð og kynningu leiðbeininga fyrir fagfólk, börn og foreldra um börn og samfélagsmiðla og vernd barna í stafrænu umhverfi. Lagt er til að Fjölmíðlanefnd verði lykilaðili við gerð og kynningu fræðsluefnis skv. aðgerð þessari og byggt verði á þeirri þekkingu og reynslu sem þar er.

11. Aðgerðir gegn kynferðisofbeldi með notkun gervigreindar

Notkun gervigreindar í stafrænu kynferðisofbeldi, svo sem við framleiðslu klámefnis (djúpfalsanir, e. deepfake), er vaxandi alþjóðlegt vandamál sem hefur alvarlegar afleiðingar fyrir börn og ungmenni. Rannsóknir sýna fram á að slíkt ofbeldi beinist að miklu leyti að stúlkum og ungu fólki og endurspeglar rótgróin kynjuð valdakerfi þar sem markmiðið er niðurlægning og brot á kynferðislegum sjálfsákvörðunarrétti. Rannsóknir sýna jafnframt fram á að gervigreind breytir ekki eðli ofbeldisins heldur magnar það upp. Þolendur geta orðið fyrir verulegum skaða án þess að hafa nokkru sinni tekið, sent eða deilt kynferðislegu efni. Slíkt undirstrikar að skilgreina skuli gervigreindarframleitt kynferðislegt efni sem kynferðisofbeldi en ekki sem tæknilegt atriði sem dregur úr alvarleika brotsins. Í samræmi við hugmyndir um samfellu kynferðisofbeldis sýna rannsóknir að stafrænt kynferðisofbeldi er hluti af sömu

mynstrum og önnur kynbundin ofbeldisbrot og getur valdið uppsöfnuðum og langvarandi skaða.

Skóla og aðrar stofnanir skortir oft skýrar leiðbeiningar, sérhæfða þekkingu og samræmt verklag til að bregðast við þessum nýju birtingarmyndum ofbeldis. Afleiðingin getur verið sú að mál séu ranglega afgreidd sem neteinelti eða agavandamál fremur en kynferðisofbeldi, sem getur aukið líkur á frekari skaða. Aðgerðin miðar að því að tryggja skýra skilgreiningu á stafrænu kynferðisofbeldi með notkun gervigreindar, þróa samræmda viðbragðsferla með áherslu á vernd þolenda, efla fagfólk og styrkja réttindamiðuð, fyrirsjáanleg viðbrögð. Aðgerðin styður við vernd barna og kynjajafnrétti í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands gegn kynbundnu ofbeldi.

12. Námskeið um tengsl milli öfgahyggju og kynbundins ofbeldis

Netnámskeið fyrir fólk sem starfar með börnum og ungmennum hafa gefið góða raun og hátt hlutfall þess starfsfólks hefur þegar sótt sér grunnfræðslu á námskeiðum um eðli og afleiðingar kynferðislegs og kynbundins ofbeldis. Mikil þörf er á að þessum hópi standi til boða sambærilegt efni um tengsl öfgahyggju og hatursorðræðu á netinu við kynbundið ofbeldi og hvernig sé hægt að takast á við þá umræðu á vettvangi skóla- og frístundastarfs. Kynbundið ofbeldi byggir oft á öfgahyggju, kvenfyrirlitningu og hatursorðræðu sem fær að gerjast í lokuðum hópum á netinu þar sem upplýsingaóreiða og hugmyndir um brenglaðar kynímyndir geta valdið miklum skaða. Mikilvægt er að starfsfólk sé vel í stakk búið til þess að þekkja einkenni þessara hugmynda, efna til umræðu um hana eftir því sem við á og styðja börn og ungmenntu til þess að mynda sér upplýsta afstöðu. Lagt er til að þróað verði netnámskeið og það kynnt fyrir öllu starfsfólki á vettvangi skóla-, íþrótta-, frístunda- og æskulýðsstarfs.

13. Stuðningur og fræðsla til foreldra og forsjáraðila um stafrænt ofbeldi og klám

Stafrænt umhverfi barna og ungmenna hefur breyst hratt og aðgengi að klámi og öðru kynferðislegu efni er í dag mun meira og aðgengilegra en áður. Foreldrar og forsjáraðilar upplifa oft óöryggi og skort á þekkingu þegar kemur að stafrænni virkni barna þeirra, þar á meðal hvernig ræða eigi um klám, samþykki og kynferðisleg mörk með viðeigandi og uppbyggilegum hætti. Skortur á stuðningi getur leitt til þess að samtal á heimilum eigi sér ekki stað eða verði ómarkvisst, sem eykur líkur á að börn leiti sér upplýsinga á stafrænum miðlum fremur en í samtali við ábyrga fullorðna aðila. Rannsóknir sýna fram á að þegar foreldrar hafa aðgang að skýrum leiðbeiningum og stuðningi eru þeir betur í stakk búnir að ræða við börn um klám, samþykki og stafrænt öryggi á þann máta sem styrkir sjálfsmynd barna. Aðgerðin miðar að því að styrkja foreldra og forsjáraðila sem lykilaðila í forvörnum gegn stafrænu ofbeldi og skaðlegum áhrifum kláms. Í því skyni verði nýtt fyrirbyggjandi fræðsluefni og verkfæri, þar á meðal efni sem þróað hefur verið af Stígamótum um samtöl foreldra og barna þeirra um klám. Slíkt efni byggir á reynslu af stuðningi við þolendur kynferðisofbeldis. Lögð er áhersla á opið, fordómalaust og aldursmiðað samtal sem tekur mið af líðan og þörfum barna. Með samræmdum leiðbeiningum og markvissri fræðslu verður stuðlað að því að foreldrar og forráðamenn geti átt upplýst og öruggt samtal við börn sín um stafrænt efni og áhrif þess.

Fræðsla

14. Fræðsla til starfsfólks sem starfar með börnum og ungmennum

Fræðsla er lykilþáttur í forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Hún tryggir að starfsfólk sem vinnur með börnum og ungmennum hafi nauðsynlega þekkingu til að bregðast rétt við og skapa öruggt umhverfi. Með því að sameina fræðslu fyrir starfsfólk skóla, starfsfólk íþrótta- og æskulýðsstarfs, listkennara og dagforeldra í eina aðgerð er tryggt að allir sem komi að umönnun og uppeldi barna fái samræmda grunnfræðslu. Lágmarksfræðsla verður veitt í formi netnámskeiðs Barna- og fjölskyldustofu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni fyrir fólk sem starfar með börnum og ungmennum sem er bæði hagkvæmt og aðgengilegt leið. Jafnframt er mikilvægt að stjórnendur og skólaskrifstofur bjóði upp á og hvetji til frekari fræðslu og umræðu um málefnið. Dagforeldrar gegna lykilhlutverki í umönnun yngstu barnanna og því er nauðsynlegt að þeir hljóti einnig lágmarksfræðslu á netnámskeiði. Það verður í höndum sveitarfélaga að fylgja því eftir. Samræming fræðslu er mikilvæg til að tryggja jafnræði og gæði í allri umönnun og kennslu, óháð því hvar börn dvelja eða stunda tómstundir.

15. Efling samfélagslögreglu

Samfélagslögregla gegnir lykilhlutverki í ofbeldisforvörnum barna og ungmenna með því að vera sýnileg, aðgengileg og traust tenging milli barna, skóla, fjölskyldna og annarra kerfa. Starf samfélagslögreglu byggir á tengslamyndun, snemmtækri íhlutun og samhæfingu viðbragða og felur í sér mikilvæga forvörn þegar áhyggjur af ofbeldi eða áhættu hegðun koma upp. Lögð verður áhersla á skýrar boðleiðir þegar aðstæður skapast sem fela í sér aukna hættu á ofbeldi, svo sem á ákveðnum tímabilum yfir skólaárið, í tengslum við viðburði eða annað innan skólaumhverfis. Með því að styrkja og skýra hlutverk samfélagslögreglu í þessu samhengi er markmiðið að tryggja að börn og ungmenni ásamt skólastjórnendum hafi gott aðgengi að lögreglu sem viðbragðsaðila og að mál berist hratt og örugglega áfram í viðeigandi farveg. Með skýrum verkferlum og boðleiðum er stuðlað að því að draga úr stigmögnun ofbeldis, auka öryggi barna og tryggja barnvæna og réttindamiðaða nálgun á öllum stigum máls. Aðgerðin byggir á þverfaglegu samstarfi og styður við heildstæða nálgun í ofbeldisforvörnum, þar sem samfélagslögregla gegnir skýru og afmörkuðu hlutverki innan kerfisins.

16. Kynningar og upplýsingagjöf til almennings og fagfólks

Unnið verði með markvissum hætti að því að koma á framfæri því efni, úrræðum og þjónustu til forvarna og viðbragða við kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni, bæði því sem þegar er til og ekki síður því sem til verður sem afrakstur aðgerða í þingsályktun þessari. Mikilvægt er að bæði almenningur, ekki síst foreldrar, fagfólk, svo sem kennarar og aðrir á vettvangi og þau sem taka ákvarðanir um forvarnastarf vegna kynbundins og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum og ungmennum, viti af öllu fyrirbyggjandi efni og úrræðum. Við framfylgd fyrri þingsályktunar kom í ljós að markvissari kynningaráætlun hefði þurft til þess að koma afurðum hennar á framfæri með markvissari hætti. Því er lagt til að kynningar og vitundarvakningar séu framkvæmdar reglulega til að tryggja að það efni og þau úrræði sem til verða við framkvæmd aðgerða í þingsályktun þessari, auk þess sem þegar er til, skili sér til þeirra sem þeim er ætlað og þurfa á því að halda. Þá er aðgerðin í samræmi við athugasemdir Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um að efla beri vitundarvakningu og fræðsluáætlanir, m.a. herferðir.

Leiðbeiningar, verkferlar og gátlistar

17. Áætlanir og verkferlar til að koma í veg fyrir kynbundið og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og ungmennum

Mikilvægt er að stjórnendur hvers starfsstaðar þar sem börn eða ungmenni eru, geri það sem hægt er til að koma í veg fyrir að börn verði fyrir kynbundnu eða kynferðislegu ofbeldi. Útbúið verði sniðmát/skapalón að áætlun með verkferlum til að koma í veg fyrir að slíkt ofbeldi eigi sér stað á þeim starfsstöðum sem börn dvelja eða þiggja þjónustu. Til slíkra starfsstaða teljast skólar, íþrótt- og æskulýðsstarf, listkennslustarf, félagsmiðstöðvar o.s.frv. Sniðmátið nái m.a. til hins byggða umhverfis, reglulegrar fræðslu starfsfólks, verkferla vinnustaðar, s.s. varðandi kröfur um sakavottorð við ráðningar og aðgengi að rýmum með tilliti til öryggis barna, og eftir atvikum réttindafræðslu til barna. Sniðmátið verði kynnt með rafrænum hætti á kynningarfundum fyrir starfsfólk á ólíkum starfsstöðvum um land allt og verði öllum aðgengilegt á síðu Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu stoppofbeldi.is.

18. Samræmt verklag og verkferlar vegna kynbundins og kynferðislegs ofbeldis og áreitni gegn börnum og ungmennum

Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni gegn börnum og ungmennum er alvarlegt samfélagslegt vandamál sem getur haft víðtæk og langvarandi áhrif á líðan, öryggi og þroska barna. Rannsóknir sýna fram á að skortur á skýrum verkferlum og samræmdu verklagi innan stofnana sem starfa með börnum getur leitt til þess að mál séu meðhöndluð með ólíkum hætti, ábyrgð verði óskýr og hætta skapist á vanmati á alvarleika mála eða tafir verði á viðeigandi viðbrögðum. Með aðgerðinni er lögð áhersla á að þróa samræmt verklag og skýra verkferla sem byggja á réttindamiðaðri nálgun og bestu þekkingu á sviði barnaverndar og kynbundins og kynferðislegs ofbeldis. Verklagið er hugsað sem sniðmát sem starfsstaðir sem vinna með börnum og ungmennum geti aðlagð að eigin starfsemi en tryggi jafnframt lágmarksviðmið um viðbrögð, skráningu, eftirfylgni og vernd þolenda. Sérstök áhersla er lögð á ábyrgð og hlutverk stjórnenda. Verklagið mun einnig fela í sér skýrari viðmið í samstarfi við stuðningsþjónustur, svo sem barnavernd, heilbrigðisþjónustu og lögreglu, auk leiðbeininga

um samtal við forsjáraðila með það að markmiði að tryggja hagsmuni barnsins. Markviss kynning verklagsins með rafrænum kynningarfundum um land allt er liður í því að tryggja að starfsfólk þekki verklagið, skilji ábyrgð sína og hafi aðgang að stuðningi við innleiðingu. Slík samræmd kynning er mikilvæg til að draga úr mismunandi framkvæmd milli starfsstaða og stuðla að jafnræði barna óháð búsetu eða því hvar þau sækja þjónustu.

19. Gátlistar á heilsueflandi.is

Embætti landlæknis og Barna- og fjölskyldustofa hafa í sameiningu unnið gátlista um hlutverk leik-, grunn-, og framhaldsskóla samkvæmt lögum um farsæld. Með því var opnað á að allir leik-, grunn- og framhaldsskólar á Íslandi geta fengið aðgang að rafrænu kerfi heilsueflandi skóla, hvort sem þeir taka þátt í þeirri nálgun eða ekki. Á vef heilsueflandi.is er hver skóli með eigið lokað svæði þar sem hægt er að skrá framgang í markvissu heilsueflingarstarfi. Embætti landlæknis hefur aðgang að upplýsingunum en einungis upplýsingum um niðurstöður gátlista um farsæld er deilt með utanaðkomandi aðila, Barna- og fjölskyldustofu. Útbúinir verði gátlistar fyrir þessi þrjú skólastig sem taka sérstaklega til forvarna gegn kynbundnu- og kynferðislegu einelti og áreitni gagnvart börnum og ungmennum, þar á meðal stafrænu ofbeldi. Gátlistar verði unnir í samstarfi embættisins við Samband íslenskra sveitarfélaga, mennta- og barnamálaráðuneyti og fagaðila eftir þörfum.

Fylgt verður eftir fordæmi gátlista um farsæld á þann hátt að hægt verði að deila upplýsingum um niðurstöður í þessum tilteknu gátlistum með stýrihóp forvarnaáætlunar til að fylgja eftir ýmsum efnisþáttum. Þá verði hægt að skila inn í gegnum rafrænt kerfi heilsueflandi.is upplýsingum um fyrirbyggjandi aðgerðir samkvæmt aðgerð 17 um verklag til að koma í veg fyrir kynbundið og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og ungmennum og viðbragðsáætlunum samkvæmt aðgerð 18 um skýra verkferla og samræmt verklag vegna kynbundins og kynferðislegs ofbeldis og áreitni gegn börnum og ungmennum.

20. Viðbrögð við kynferðislegu ofbeldi framhaldsskólanema gegn samnemendum

Reynsla framhaldsskóla sýnir að í alvarlegum málum, þar á meðal kynferðislegu ofbeldi, getur komið upp ágreiningur eða misskilningur milli aðila á meðan mál eru til skoðunar. Skortur á skýru verklagi hefur í slíkum tilvikum stundum leitt til félagslegrar útilokunar meintra gerenda innan skólans. Viðaukinn miðar að því að bregðast við þessari stöðu með skýrum verkferlum sem tryggja bæði öryggi og stuðning við þolendur og faglegan stuðning við meinta gerendur á meðan mál eru í ferli. Viðauki við EKKO leiðarvísi mennta- og barnamálaráðuneytis felur í sér aukinn stuðning við skóla þegar nemendur beita samnemendur sína kynbundnu eða kynferðislegu ofbeldi. Viðaukinn mun skýra ábyrgðarskiptingu og innleiða verkferla sem tryggja áframhaldandi stuðning við þolendur og faglega, réttláta meðferð meintra gerenda í samræmi við réttindi þeirra og velferð. Helstu nýjungar viðaukans verða m.a. skýr ákvæði um snemmtækan og faglegan stuðning við meinta gerendur, markvissa eftirfylgni innan skóla og gerð öryggisáætlana ef atvik endurtaka sig. Viðaukinn mun byggja á þverfaglegu samráði við stjórnendur framhaldsskóla og innihalda leiðbeiningar um hvernig skólinn tryggir fylgni við viðmið EKKO leiðarvísisins. Viðaukinn verði gerður aðgengilegur á stafrænu formi.

21. Viðbrögð við óviðeigandi kynferðislegri hegðun barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi

Óviðeigandi eða skaðleg kynferðisleg hegðun barna og ungmenna getur komið upp í skóla- og frístundastarfi. Slík hegðun getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir bæði þau börn sem sýna hegðunina og þau sem verða fyrir henni. Því er nauðsynlegt að fagfólk geti stuðst við aðgengilegar leiðbeiningar sem byggja á nýjustu þekkingu og alþjóðlegum viðmiðum. Með aðgerðinni er lögð áhersla á að þróa aðgengilegar og samræmdar leiðbeiningar fyrir fagfólk í skóla- og frístundastarfi sem styðja við greiningu, mat og viðbrögð við óviðeigandi kynferðislegri hegðun barna og ungmenna. Lögð er sérstök áhersla á samstarf við Jafnréttisskóla Reykjavíkur, Samband íslenskra sveitarfélaga og Miðstöð menntunar- og skólajónustu, sem nú vinna að þýðingu og staðfærslu alþjóðlegra leiðbeininga um forvarnir og viðbrögð við skaðlegri kynferðislegri hegðun barna og ungmenna. Um er að ræða efni sem byggir á reynslu og þekkingu frá Skotlandi og hefur verið þróað til að styðja starfsfólk skóla og fagfólk við að bregðast við slíkum aðstæðum. Aðgerðin miðar að því að styðja við þessa vinnu og tryggja að niðurstöður hennar verði nýttar markvisst þegar efnið liggur fyrir. Með því er stuðlað að því að íslenskt skóla- og frístundastarf hafi aðgang að vönduðum, staðfærðum

leiðbeiningum sem samræma viðbrögð, draga úr óvissu og styrkja hæfni fagfólks til að bregðast við flóknum og viðkvæmum aðstæðum. Þá verður einnig þróað sérhæft fræðsluefni um óæskilega kynferðislega hegðun milli barna með fjölskyldutengsl, þar á meðal systkina, stjupsystkina, frændsystkina og fóstursystkina. Þetta efni mun nýtast fagfólki og fjölskyldum til að auka meðvitund og tryggja viðeigandi stuðning.

Eftirfylgni og mat á árangri

22. Stýrihópur um um framkvæmd og innleiðingu forvarnaáætlunar

Dómsmálaráðuneytið, í samstarfi við þau ráðuneyti sem aðild eiga að áætluninni, ber ábyrgð á samhæfingu við framkvæmd einstakra aðgerða innan áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að skipaður verði stýrihópur með fulltrúum þeirra ráðuneyta sem bera ábyrgð á einstökum aðgerðum innan áætlunarinnar. Stýrihópurinn hafi eftirlit með framkvæmd þingsályktunarinnar og samræmi aðgerðir auk þess að meta árangur aðgerða og fylgja þeim eftir. Stýrihópurinn mun byggja á vinnu stýrihóps forvarnaáætlunar 2021-2025 og því tengslaneti og samstarfi sem byggt hefur verið upp á þeim vettvangi. Stýrihópurinn leitist við að kynna starf sitt og aðgerðir forvarnaáætlunar með það í huga að auka samlegðaráhrif með öðrum aðgerðaáætlunum og aðgerðum í þágu forvarna.

23. Mælaborð um framfylgd aðgerða í forvarnaáætlun

Komið verði upp mælaborði á vef Stjórnarráðs Íslands, með yfirliti aðgerða ásamt upplýsingum um stöðu aðgerða í áætluninni. Gert er ráð fyrir að mælaborðið sé uppfært tvisvar á ári, að vori og hausti, og að stýrihópur skv. aðgerð 22 kalli eftir upplýsingum frá framkvæmdaaðilum um stöðu aðgerða fyrir uppfærslu mælaborðs.

ⁱ <https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html>

ⁱⁱ <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/DMR/Fylgiskjol-i-frett/Samantekt%20af%20samr%C3%A1%C3%B0svettvangi%20-%203.%20desember%202025.pdf>